



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. nóvember 2010

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um þingsályktunartillögu um rannsókn á einkavæðingu bankanna, 139. löggjafarþing 2010 - 2011, þingskjal 16 – 16. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreind þingsályktunartillaga þar sem lagt er til að gerð verði sérstök og óháð rannsókn á einkavæðingu og sölu hlutabréfa í Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands og tengdum málum. Með rannsókninni verði leitast við að svara nánar greindum spurningum og fleiri sem kunna að koma upp við rannsóknina. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á rás atburða við sölu Landsbankans og Búnaðarbankans árið 2002 svo ljóst sé hvar í stjórnkerfinu, hvenær og hversvegna veigamiklar ákvarðanir í því ferli voru teknar, til að hægt sé að draga lærdóm af til framtíðar setningu laga og reglna um einkavæðingu ríkisfyrirtækja.

Mannréttindaskrifstofan gerir ekki sérstakar athugasemdir við hið framlagða frumvarp.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri.